

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. nóvember 2024
Málsnúmer: 202410-0062
SS

Efni: Deiliskipulag Ártúnshöfða – Svæði 2A.

Við er í tölvubréf frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, dags. 25. október 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um auglýst deiliskipulag fyrir Ártúnshöfða – Elliðaárvog – svæði 2A. Sérstaklega var óskað eftir álit stofnunarinnar á möguleg áhrif deiliskipulagsins á leirur og lífríki í Elliðaárvogi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér auglýst deiliskipulag og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Deiliskipulagið er einn af áföngum við áformaða uppbyggingu í Elliðaárvogi-Ártúnshöfða, sbr. rammaskipulag fyrir svæðið í heild, þar sem stefnt er að mikilli breytingu á svæðinu í heild. Fjölmennt íbúðarhverfi kemur að stærstum hluta í stað þess iðnaðar- og atvinnusvæðis sem er á svæðinu í dag. Þá er gert ráð fyrir umfangsmikilli landfyllingu í Elliðaárvogi skammt fyrir utan mynni Elliðaárna. Lítið hefur hingað til verið leitað til Náttúrufræðistofnunar vegna þessara áforma og var t.d. ekki óskað eftir umsögn stofnunarinnar í umhverfismati landfyllingarinnar. Stofnunin veitti þó umsögn um tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2040, þann 31 ágúst 2021, þar sem m.a. er fjallað um uppbyggingaráformin í Elliðaárvogi. Þar kemur fram eftirfarandi:

“Áætluð landfylling fellur innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjasrár – „Elliðavogur-Grafarvogur“. ([Elliðavogur-Grafarvogur | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](#)). Elliðaárvogur (eða Elliðavogur eins og hann heitir einnig) er mikilvægt fuglasvæði. Þó vogurinn sjálfur sé að mestu raskaður og þær víðáttumiklu leirur sem þar voru áður að mestu horfnar, þá er mynni vogsins mikilvægt fæðuöflunarsvæði fyrir fugla þ.m.t. gulönd sem er sjaldgæf á landsvísu. Tengist það mikilvægi svæðisins sem farleið fyrir laxfiska, bæði lax og sjóbirting, úr og í Elliðaárna. Svæðið hefur þolað mikið rask gegnum árin og sífellt er þrengt meira að því. Þolmörk svæðisins eru ekki að fullu þekkt en ljóst að stór landfylling líkt og sú sem áformuð er í skipulaginu munu skerða töluvert búsvæði lífvera á svæðinu. Önnur áform sem fjallað er sérstaklega í aðalskipulagsbreytingunni, framlenging á hafnargarði og dýpkun innsiglingarrennu við Snarfarahöfn í Elliðaárvogi, eykur einnig álag á svæðið. Samlegðaráhrif þessara ólíku framkvæmda (til viðbótar við þær framkvæmdir sem þegar hafa átt sér stað á svæðinu) eru ekki að fullu þekkt en hætta á að aðstæður fyrir lífríki muni versna á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun telur að forðast ætti frekari röskun á Elliðaárvogi og er því ekki fylgjandi þeim áformum sem kynnt eru í aðalskipulagsbreytingunni. Í umhverfisskýrslu er greint frá því að fjörusvæði landfyllingar verði hannað til að líkjast sem mest náttúrulegri fjöru í samráði við sérfræðinga Hafrannsóknarstofnunar. Slíkar mótvægisáðgerðir ef vel heppnast geta gert gagn en bæta ekki upp fyrir það grunnsævi sem hefur farið undir landfyllingar eða verið raskað af öðrum framkvæmdum. Sama á við um mótvægisáðgerðir annars staðar t.d. endurheimt votlendis sem eru auðvitað jákvæðar áðgerðir en bæta ekki upp þau töpuðu búsvæði sem um ræðir. Almennt ætti að stefna að því vernda sem mest öröskuð grunnsævis- og strandsvæði í Reykjavík en líkt og annars staðar í sunnanverðum Faxaflóa eru

Þetta lífauðug svæði. Stefnt er að friðlýsingu Grafarvogs og Blikastaðakróar sem er jákvætt. Skoða ætti fleiri svæði með tilliti til verndar til að koma í veg fyrir frekara rask. Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar er mikilvægt að vakta vandlega lífríki svæðisins, fiska, fugla og annað dýralíf til að fá góða mynd á áhrifin sem verða.”

Þetta almenna álit um áformaða landfyllingu á enn við að mati Náttúrufræðistofnunar.

Áfangi 2A sem hér er til umfjöllunar nær yfir frekar lítinn hluta af heildarsvæði rammaskipulagsins. Áfangi 2A nær ekki yfir áformaða landfyllingu heldur er um að ræða svæði sem er frekar sunnarlega á heildaruppbyggingarsvæðinu og þar sem í dag eru ýmis athafnasvæði. Vestasti hluti svæðisins liggur upp að eystri kvísl Elliðaánna á árósasvæði ána. Á árósasvæðinu eru áhrif flóða og fjöru mikil og töluvert um leirusvæði þó þau séu ekki eins stór og norðan við sjálft árósasvæðið. Þá er umfang leirunnar minni í eystri kvíslinni en þeirri vestari. Engu að síður er töluvert fuglalíf á svæðinu og um farsvæði laxfiska er að ræða. Huga þarf að því hvernig þau uppbyggingaráform og breytingar á svæðinu sem Áfangi 2A felur í sér getur haft áhrif á lífríki í og við eystri kvíslina fyrst og fremst. Erfiðara er að meta áhrif af þessum áfanga einum og sér á svæði lengra frá þar sem aðrir áfangar uppbyggingar í Elliðaárvogi munu óneitanlega hafa mun meiri áhrif, einkum sá áfangi þar sem landfyllingar koma við sögu. Lítið er því í raun hægt að segja um áhrif Áfanga 2A á leirur og lífríki þeirra fyrir utan það sem kemur fram hér að framan um áhrif allra uppbyggingaráforma rammaskipulagsins og sértaðra áætlaðrar landfyllingar.

Umhverfi þess svæðis sem Áfangi 2A nær yfir einkennist fyrst og fremst af þegar röskuðum athafnasvæðum. Náttúruleg gróðurþekja er lítil sem engin og því ekki ástæða til að hafa áhyggjur af raski á náttúruminum. Hins vegar hafa athuganir sýnt að jarðvegur er mengaður á svæðinu og afar brýnt er að huga að því á framkvæmdatíma hvernig komið verður í veg fyrir mengunarhættu og að sú mengun berist ekki í Elliðaárnar, og hvernig mengaður jarðvegur verður ýmist fjarlægður, hreinsaður eða einangraður þannig að eftir að uppbyggingu lýkur á svæðinu af honum stafi engin hætta. Í því samhengi er mikilvægt að breytingar á meðhöndlun ofanvatns á svæðinu tryggi að ofanvatn hreinsist á fullnægjandi hátt áður en það berst í Elliðaár eða Elliðaárvog. Afar brýnt er að vakta vel ástand þess vatns sem berst út og ef visbendingar eru um varasama mengun að fara í nauðsynlegar úrbætur. Stefnt er að því að útfæra ýmsar ofanvatnslausnir m.a. með því að auka við grænt, gegndræpt yfirborð innan nýja íbúðarhverfisins en einnig er áfram gert ráð fyrir settjörnum þ.m.t. einni næst Elliðaánum skv. uppdrætti deiliskipulagsins. Það er jákvætt en mikilvægt er að fullreyna og vakta vel árangur þessara ofanvatnslausna.

Jákvætt er að stefnt sé að því að deiliskipulagið sé vistvottað samkvæmt aðferðafræði BREEAM. Mikilvægt er að framkvæmd á þeim hluta vottunarinnar sem snýr að vistfræðilegum þáttum byggist á greinargóðum upplýsingum um umhverfi og lífríki svæðisins og aðliggjandi svæða.

Við breytta notkun svæðisins má reikna með að ýmis atriði varðandi umhverfisgæði batni einkum varðandi efnamengun í vatni, lofti og jarðvegi. Hljóð- og ljósmengun gæti þó aukist þar sem meiri og fjölbreyttari athafnir verða á svæðinu og meira um mannvirki nálægt Elliðaánum. Vitað er að ýmis dýr t.d. fiskar en einnig sumar fuglategundir eru viðkvæmar fyrir ljós- og hljóðmengun og gefa þarf því gaum t.d. við skipulag lýsingar og umferðarmannvirkja þ.m.t. Borgarlínunnar þó það sé ekki viðfangsefni Áfanga 2A þá liggur Borgarlínan yfir Elliðaárnar beint fyrir sunnan svæðið. Þá er mælt með því að auka vöktun á lífríki svæðisins til að fylgjast



með hvernig breytingar á svæðinu geta haft áhrif á lífríkið, en þær breytingar geta verið bæði neikvæðar og jákvæðar.

Einhver galli var í skjali um skipulagsskilmála sem fylgdi umsagnarbeiðninni og var sami galli á skjalinu sem var inni í síðu málsins á Skipulagsgátt. Náttúrufræðistofnun hefur því ekki getað kynnt sér skilmála um t.d. græn svæði, gróður, ofanvatnslausnir o.fl.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til að veita frekari ráðgjöf eins og þörf þykir.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar

